

BAKKAÁ 1992

Tumi Tómasson

Hólum júlí 1992

VMST-N/92003

Smáseidaklausóla
Bakkaá



VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

BAKKAÁ 1992

INNANGANGUR

Seiðastofnar Bakkaár voru kannaðir með rafveiðum 17/6 1992. Þá voru liðin tæp tvö ár síðan sambærileg könnun var gerð síðast.

Að þessu sinni var rafveitt á 9 stöðum. Skilyrði til veiða voru góð þegar athugunin fór fram og ég tel að niðurstöðurnar séu tiltölulega skýrar og ótvíræðar.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Efsti veiðistaðurinn var um 2 km fyrir framan Bakkaselsvað. Þar er áin enn mjög grýtt og búsvæði fyrir laxaseiði ákjósanleg. Þar skammt fyrir ofan verður áin hallaminni, fellur í mýrlendi og skilyrði fyrir lax batna ekki fyrr en töluvert framar, en þar er áin fremur lítil.

Áður hefur verið veitt á þessum sömu stöðum í Bakkaá nema á stað 7a, sem er rétt fyrir ofan þar sem gilið byrjar.

Samantekt á fjölda og aldurssamsetningu veiddra laxaseiða og lengdardreifingu þeirra er að finna í Töflu 1 og Mynd 2. Lax er ríkjandi tegund í Bakkaá og í veiðunum nú veiddist einungis eitt urriðaseiði og engin bleikja.

Veiðarnar nú voru of snemma á árinu til að hægt sé að segja nokkuð um hvernig hrygning s.l. haust hefur tekist. Seiði sem klöktust úr sumarið 1991 (hrygning haustið 1990) fundust í nokkru magni fyrir neðan fossinn (staður 5), fyrir ofan foss og við Bakkaselsvaðið (staðir 3 og 4). Á öðrum stöðum fengust engin eða einungis örfá seiði af þessum árgangi.

Seiði sem klöktust út 1990 (hrygning 1989) fundust í mjög litlum mæli og er sá árgangur tæplega merkjanlegur í ánni. Hinsvegar var fjöldi 3+ seiða víðast góður, seiðin vel á sig komin og mun um eða yfir helmingur þeirra ganga út í vor. Vel má vera að einhver hluti þessa árgangs hafi þegar verið gengin út, enda voru stærstu seiðin öll komin í göngubúning. Lengdardreifing 3+ seiða spannar mjög vítt svæði, það skýrist af því að þar eru bæði um náttúruleg seiði og sleppiseiði að ræða 12-14 cm seiði á stöðum 1-3 og 7-8 eru líklega öll af sleppiuppruna, en árið 1989 var síðast sleppt seiðum í Bakkaá, í gilið og fyrir framan Bakka-selsvað.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla í Bakkaá verði góð nú í vor og að hún geti orðið samileg næsta vor. Síðan mun hinsvegar draga verulega úr henni. Þau seiði sem nú eru 1+ munu að líkindum verða uppistaðan í gönguseiðaframleiðslunni árin 1994 og e.t.v. 1995 verði ekki gripið til seiðasleppinga í sumar. Þessi árgangur nýtir ekki nema mjög lítinn hluta af uppeldis-svæðum árinna.

Til að koma í veg fyrir mikla minnkun í gönguseiðaframleiðslu árið 1994 og minnkandi laxgengd af þeim sökum tvö árin þar á eftir legg ég til að í sumar verði sleppt í ána laxaseiðum. Þar sem ekki eru til seiði af stofni árinna legg ég til að notuð verði seiði af Miðfjarðarárstofni, líkt og gert var á árunum fyrir 1990.


Æskilegast væri að sleppa um 3.500-4.000 þúsund seiðum á svæðið frá vaðinu að Hrafnadal og niður fyrir brú og um 1.500-2.000 þúsund seiðum á grýtta svæðið framantil í ánni, þar mætti hefja sleppingu um 200 m fyrir framan Bakkaselsvaðið og dreifa seiðunum á grýtta kaflann sem nær fram fyrir veiðistað 1, þangað sem áin verður aftur hallaminni og fínna í botninn.

Veiðin 1991 var mjög slök í Bakkaá og því er þess vart að vanta að sá árgangur sem klekst út í sumar verði sterkur né dreifist vel um ána. Ég tel þó að verði ráðist í þær tiltölulega umfangsmiklu sleppingar sem lagt er til í þessari skýrslu og ef notuð verða óflokkuð seiði (þ.e. mjög misstór) atti ekki að vera þörf á sleppingum næsta sumar, en síðan er æskilegt að meta ástand laxastofnsins aftur 1994 ef verðmæti veiðinnar næstu árin gefur tilefni til að ætla að það sé hagkvæmt að viðhalda góðri laxveiði í Bakkaá.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða á mismunandi aldri í Bakkaá 17/6 1992. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort.

Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m²

Staður nr	m	Stærð		
		1+	3+	3+
1	50x8	-	0.2	2.2
2	50x5	-	-	3.2
3	40x8	5.3	0.6	2.8
4	50x6	7.6	-	7.0
5	40x7	4.6	-	1.8
6	40x8	-	0.3	4.0
7	40x8	-	0.3	4.0
7a	35x10	0.2	-	2.6
8	30x6	-	-	5.5



Mynd 1. - Rafveiðistaðir í Bakkaá.



Mynd 2. Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Bakkaá 17 júní 1992.